



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

TRÉS1HV08

Kennari	Óskar Júlíus Bjarnason, oskar.bjarnason@fss.is Þórhildur Loftsdóttir, thorhildur.loftsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Óskar Júlíus Bjarnason, Þriðjudagur kl. 9.20-10:00 í stofu 120. Þórhildur Loftsdóttir, Þriðjudagur kl. 14:00-14.40 í stofu 120.	
Námsefni	Verkefni og ítarefni frá kennara	
Áfangalýsing	Í áfanganum eru kennd grunnatriði trésmíða með áherslu á þekkingu og færni. Farið er yfir eðliseiginleika viðar. Unnið með mismunandi trésamsetningar og notkunarmöguleika timburs. Nemendur læra að nota hefilbekki með áherslu á góða vinnuaðstöðu. Unnið er með helstu handverkfæri ásamt kynningu á loft og rafmagnshandverkfærum. Kennslan byggist að hluta á fyrirlestrum þar sem kennari útskýrir grunnatriði fyrir nemendum en stærsti hlutinn eru fjölbreytileg smíðaverkefni sem byggja á markmiðum áfangans. Sjá einnig Áfangalýsingar á heimasíðu Fjölbrautarskóla Suðurnesja fss.is	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Námsmat byggist á verkefnavinnu, vinnubrögðum, vinnusemi í tímum	
	Símatsáfangi ☐	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Verkefna vinna og skil	60%
	Vinnubrögð	30%
	Vinnuleyfi á vélar og tæki í vélasal	10%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Bent er á skólareglur og mætingarreglur skólans	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Þessi áfangi er að stærstum hluta verklegur vinnuáfangi sem þýðir að það þarf að nýta tímann vel til verkefnavinnu.	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • umgengni og notkun rafmagnshandverkfæra og öðrum handverkfærum • öryggisþáttum og viðhaldi rafmagnshandverkfæra • vinnuaðstöðu og vinnumhverfi • algengasta smíðavið og smíðisfestingum • helstu eðliseiginleikum viðar og þurrkun timburs • flokkun og merkingum timburs eftir styrk og útliti • smíðisfestingum sem notaðar eru í trésmíði • meðferð, notkunarsviðum og virkni einstakra handverkfæra • uppbyggingu og notkun helstu rafmagnshandverkfæra • áhöldum til mælinga og uppmerkinga • mismunandi gerðum hverfisteina, smergela og brýna • öryggisreglum einstakra hand- og rafmagnshandverkfæra • einstökum samsetningum og notkunarsviði þeirra • þvingum og vinnuaðferðum við samsetningar í trésmíði • algengustu gerðum og notkunarsviðum viðarlíms • nöglum og skrúfum og notkun þeirra í trésmíði • öryggisreglum fyrir meðferð og notkun einstakra límtegunda • helstu lofthandverkfærum sem notuð eru í trésmíði • öryggisreglum og öryggisbúnaði við notkun loftverkfæra • uppbyggingu og notkunarsviðum helstu lofthandverkfæra • stillingum og fyrirbyggjandi viðhaldi lofthandverkfæra • virkni og fyrirbyggjandi viðhaldi á mismunandi loftpressum.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota áhöld til mælinga og uppmerkinga • nota mismunandi tegundir verkfæra • nota algengustu hand- og rafmagnshandverkfæri • leggja á og brýna algengustu handverkfæri • nota helstu trésamsetningar við einfalda trésmíði • lesa merkingar og flokka efni með tilliti til útlits og styrks
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • aðlaga sig að mismunandi vinnumhverfi • velja smíðavið fyrir einstök verkefni og rökstyðja valið • flokka timbur með hliðsjón af leiðbeiningum • beita vinnuskipulagi í trésmíði og fylgja aðgerðalista við vinnu • ganga úr skugga um gæði smíðishluta fyrir samsetningu • nota þvingur markvisst til að fá smíðishlut réttan í límingu • mæla og taka úr fyrir smíðisfestingum og setja endanlega upp • velja rétt lofthandverkfæri með hliðsjón af verkefni	

Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi		
Tímasókn	16 vikur x 5 klst.	80 klst.
Heimavinna	16 vikur x 1.5 klst.	24 klst.
Alls		104 klst.

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Klofun	
2. vika 25. – 29. ágúst	Klofun 45°horn	
3. vika 1. – 5. september	Geirnegling	
4. vika 8. – 12. september	Geirnegling	
5. vika 15. - 19. september	Geirnegling/lásar og samsetningar	
6. vika 22. - 26. september	Lásar og samsetningar/hilluknekti	
7. vika 29. sept. - 3. október	Taska	
8. vika 6. - 10. október	Taska	
9. vika 13. - 17. október Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.	Taska	
10. vika 20. - 24. október Vetrarleyfi 20. okt.	Taska	
11. vika 27- 31. október	Krossteningur	
12. vika 3. - 7. nóvember	Krossteningur	
13. vika 10. - 14. nóvember	Skammel	
14. vika 17. - 21. nóvember	skammel	
15. vika 24. - 28. nóvember Dimissio 28. nóv.	Hilluknekti	
16. vika 1. - 8. desember Stoðdagur mánudaginn 8. des.	Uppsóp	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Óskar Bjarnason og Þórhildur Loftsdóttir